Hringur, þríhyrningur, ferningur

Hollensk myndlist og skart að Kjarvalsstöðum

Myndlist



AÐALSTEINN INGÓLFSSON

Það er gömul tugga að segja sem svo að náttúra og siðferðilegur þankagangur með hverri þjóð hafi úrslitaáhrif á þá myndlist sem þar verður til. En í slíkum tuggum er jafnan að finna sannleikskorn og hvað ofangreinda fullyrðingu snertir er eitthvert skýrasta dæmið að finna meðal Niðurlendinga, einkanlega Hollendinga.

Þar er land flatt og takmarkað, sjónhringurinn óendanlegur, aðeins rofinn af stöku lóðréttu formi: tré, háhýsi, bátsmastri. Þetta land hafa Hollendingar þurft að yrkja af nægjusemi og nákvæmni og þær dyggðir hefur strangtrú mótmælenda tamið þeim, ásamt öðrum slíkum. En viðskiptatengsl þeirra og nábýli við ólgandi haf annars vegar og volduga nágranna hins vegar hefur einnig tamið þeim pragmatisma sem hefur haldið allri ofsatrú í skefjum og haldið þeim opnum fyrir þróun mála annars staðar í heiminum.

Hreint og klárt


Það ætti því ekki að koma neinum á óvart þótt þessi einkenni settu einnig svip á myndlist Hollendinga. Sem þau og gera. Skýr myndbygging, hreinir og klárir myndfletir, nákvæm og vönduð útlistun smáatriða — þetta er aðall hollenskrar myndlistar allt frá Sanredam, Ruysdael, Cuyp og allar götur til Mondrians og De Stijl hreyfingarinnar. Sú arfleifð er ekki aldeilis dauð því geómetrísk afstraktlist á sér hvergi fleiri né mælskari talsmenn en einmitt þar í landi, eins og glöggt kemur fram á þeim tveim sýningum frá Hollandi sem nú er að finna að Kjarvalsstöðum, Grafík frá landi Mondrians og Hollenskt skart.

Í formála að þeirri fyrrnefndu skilgreinir Gijs van Tuyl einmitt hugtakið ,,geómetrísk afstraktlist'' sísvona: geómetrísk er hún vegna þess að listamenn nota frumeiningar geómetríunnar, beinar línur, hringi, þríhyrninga, ferninga. Afstrakt er hún því hún stendur ekki í beinum tengslum við þekkjanlega hlutveröld.

Umbreyta formi og lit

En hann tekur einnig fram að geómetrísk afstraktlist sé eins fjölbreytt og figúratíf list og geómetrían og sé listamönnum aðeins tæki í rannsóknum á myndlistarsviði. Og séu hinir tíu listamenn sem þarna er að finna skoðaðir til hlítar kemur í ljós að þrátt fyrir sameiginlegar forsendur verður útkoman mjög mismunandi hjá hverjum og einum. Sumir þeirra (Peter Struycken til dæmis) kanna tengsl forms og litar, aðrir (t.d. Ad Dekkers, Gerhardt von Graevenitz) vinna í myndröðum út frá einu tema eða fleirum og enn aðrir gera hvort tveggja: umbreyta formum og litum eftir fyrirfram gefnum formúlum.

Markmið hinna hollensku harðlínumanna eru einnig margbreytileg. Bonies segist vera að búa sér til eins konar algilt, sterkt myndmál. Franck Gribling kannar áreiðanleika mannlegrar skynjunar: hvað er það sem við sjáum í raun og veru? Og aðrir þykjast leita að grundvallarreglum náttúrunnar.




Gerhardt von Graevenitz — Án nafns, 1971.

Silfur, brons, plexigler

Það þarf sérstakt hugarfar til að njóta verka af þessu tagi til lengdar, svo mjög sem þau eru dauðhreinsuð og gerilsneydd á köflum. En þau geta líka verið nauðsynleg stikkpilla þá tíma þegar önnur kúnst þjáist af þembu.

En geómetrískrar strangtrúar gætir ekki aðeins í myndlist heldur einnig í húsbúnaði, arkitektúr og flestallri listiðn Hollendinga. Til að minna okkur á þá staðreynd hefur verið sett upp skartgripasýning með grafíkinni, í kössum sem eru svo haganlega úr garði gerðir að minna á kistil Steinars bónda. „Skart'' er eiginlega ekki rétta orðið yfir þessi stykki úr silfri, bronsi og plexígleri því sumir hönnuðanna virðast beinlínis gera sér far um að búa til and-skart, — gripi sem minna meir á rennibekkinn og tölvubúnað en lífræn form hefðbundinna skartgripa. En sumar hugmynda þeirra sem koma upp í leiðinni eru samt stórsniðugar og vænlegar til endurnýjunar í iðninni. Ég vil hvetja alla áhugamenn að gaumgæfa þessa hollensku framleiðslu.

- AI



Sýnishorn af hollensku skarti.

AÐALMANNTAL 1981

Til starfsmanna við manntal

Starfsmenn við manntal 1981 í þéttbýli á höfuðborgarsvæði og á Akureyri eru beðnir að mæta til starfa í hverfamiðstöðum í kvöld kl. 18.

SVEITARSTJÓRNIRNAR.

AÐALMANNTAL 1981

Manntalseyðublöðum verður dreift í kvöld til íbúa á höfuðborgarsvæði og á Akureyri.
Fólk er beðið að kynna sér eyðublöðin vel, en láta útfyllingu þeirra bíða til helgarinnar, vegna sjónvarpsþáttar á föstudag og laugardag.

SVEITARSTJÓRNIRNAR.

